

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina At-konur,
Áhugahópur um atvinnumál kvenna á Vestfjörðum.

	1. gr.	
Anna Lóa Guðmundsdóttir,	kt. 151154-3109	Engjavegi 26, Ísafirði
Guðrún Stella Gissurardóttir,	kt. 090462-5559	Hanahóli, Bolungarvík
Ingibjörg Sigfúsdóttir,	kt. 210349-4729	Eyrargötu 15, Suðureyri
Magdalena Sigurðardóttir,	kt. 260934-2879	Seljalandsvegi 38, Ísafirði
Sigríður Magnúsdóttir,	kt. 090855-4259	Kirkjubóli, Flateyri
Sigurborg Þorkelsdóttir,	kt. 271252-2959	Fagraholti 7, Ísafirði

stofna hér með sjálfseignarstofnunina At-konur, Áhugahópur um atvinnumál kvenna á Vestfjörðum.

2. gr.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Ísafjarðarbæ.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að efla atvinnumál kvenna og vinna að uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs á Vestfjörðum. Tilgangi sínum hyggst stofnunin ná með öflun upplýsinga um atvinnumál kvenna og vinna að verkefnum tengdum atvinnumálum kvenna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

4. gr.

Stofnfé. Eignir stofnunarinnar eru: Hlutfé í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða kr. 900.000 (níu hundruð þúsund krónur) og sjóður á bankabók og hlaupareikningi samtals kr. 408.157 (fjögur hundruð og átta þúsund eitt hundrað fimmtíu og sjö krónur). Þar af er stofnfé hlutabréf kr. 500.000 (fimm hundruð þúsund krónur) í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, sem haldast skal óskert að raungildi sínu. Áhugahópurinn leggur fram til framangreint stofnfé.

5. gr.

Stjórn. Hlutverk stjórnar er að framfylgja markmiðum stofnunarinnar og annast rekstur hennar. Stjórnin skal skipuð 6 mönnum og skiptir hún með sér verkum. Í stjórn skulu vera formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur.

Stjórnin skal halda skrá yfir eignir stofnunarinnar. Stjórnin gerir árlega skýrslu um störf sín sem lögð er fram til samþykktar á aðalfundi hennar sem halda skal fyrir apríllok ár hvert. Jafnframt heldur hún gerðabók og skal færa í hana skipulagsskrá þessa og fundargerðir stjórnar. 2/3 hluta atkvæða þarf til að ákvörðun nái fram að ganga á stjórnarfundi.

Fyrstu stjórn stofnunarinnar skipa: Anna Lóa Guðmundsdóttir, Guðrún Stella Gissurardóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir, Magdalena Sigurðardóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Sigurborg Þorkelsdóttir. Skal framangreind stjórn sitja þar til stjórnarmaður óskar eftir að vera leystur frá störfum eða fellur frá og skulu þá þeir sem eftir sitja í stjórn velja nýjan stjórnarmann. Heimilt er fráfarandi stjórnarmanni að gera tillögu um eftirmann sinn.

6. gr.

Formaður og gjaldkeri bera ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar f.h. stjórnar. Tekjur stofnunarinnar eru vextir af sjóði, arður af hlutafé, ennfremur fé sem fæst fyrir sölu á verðbréfum sem stofnunin kann að eignast. Stofnuninni er heimilt að taka við styrkjum, gjöfum eða öðrum fjármunum vegna verkefna sem samræmast tilgangi stofnunarinnar.

Fjármuni stofnunarinnar má nota á ýmsan hátt til eflingar atvinnumála m.a. með funda- og ráðstefnuhaldi, námskeiðum, rannsóknum, smástyrkjum o.fl. samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Heimilt er að greiða laun fyrir stjórnarsetu.

Skulu fjárreiður vegna þessara verkefna vera í höndum stofnunarinnar og hlíta reglum sem stofnuninni eru settar um endurskoðun reikninga.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum.

8. gr.

Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar að frádregnum skuldum renna til þeirra aðila sem að mati fráfarandi stjórnar vinna að þeim markmiðum sem stofnuninni hafa verið sett.

Til að breyta skipulagsskrá þessari og til að leggja stofnunina niður þarf samþykki allra stjórnarmanna á fullskipuðum fundi.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Ísafjarðarbæ, 8. desember 1997.

Magdalena Sigurðardóttir
Ingibjörg Sigfúsdóttir
Anna Lóa Guðmundsdóttir
Sigurborg Þorkelsdóttir
Guðrún Stella Gissurardóttir
Sigríður Magnúsdóttir

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. febrúar 1998.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.